

## Bætt hagstjórn -Betra samfélag

Fræðsla um kynjaða hagstjórn (kynjaða fjárhagsáætlanagerð)  
Akureyri 13 .september 2011

Þar sem gera má ráð fyrir að í endurskoðaðri jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar verði kveðið á um vinnu í anda kynjaðrar hagstjórnar mun Jafnréttisstofa bjóða upp á fræðslu um kynjaða hagstjórn, aðferðafræði kynjaðrar hagstjórnar og hvernig hægt er að aðlaga aðferðina að starfi sveitarstjórnarfólks. Tilgangurinn er að gefa þeim sem koma að fjárhagsáætlanagerð hjá Akureyrarbæ innsýn í þá hugmyndafræði og aðferðafræði sem beitt er.

Ísland er eitt þeirra fjölmörgu ríkja sem hafa skuldbundið sig til þess að vinna að jafnrétti kynjanna með undirritun Kvinnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og aðild að Peking-yfirlýsingunni frá árinu 1995 þar sem kveðið er á um kynjaða hagstjórn.

Talað er um kynjaða hagstjórn þegar samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða er beitt við gerð fjárhagsáætlana. Þá eru hagstjórnaðgerðir, fjárlagaðgerðir og aðrar aðgerðir af hálfu hins opinbera skoðaðar með hliðsjón af áhrifum þeirra á stöðu kynjanna. Fjárhagsáætlunin er metin og innheimtur/útlát eru endurskoðuð með það að markmiði að auka jafnrétti kynjanna.

Kynjuð hagstjórn er nauðsynlegt gæðastjórnunartæki sem getur haft áhrif á hvaða leiðir eru farnar þegar kemur að ákvarðanatöku og hversu miklum fjármunum er varið til ákveðinna þátta. Kynjuð hagstjórn getur því haft jákvæð áhrif á rekstur og þjónustu og tryggt jafnrétti kynjanna.

Fræðslan fer fram í bæjarstjórnarsalnum frá kl. 15:00-17:00 með leiðsögn Katrínar Önnu Guðmundsdóttur verkefnastjóra kynjaðrar hagstjórnar hjá Fjármálaráðuneytinu

